

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við stíðari heimtauginna samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald ef loftlínu er breytt í jarðstreng. Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtauginna.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 250.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

11% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum svo og 2% gjald til Viðlagasjóðs, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á dieselolíu 1. janúar 1974, eða kr. 7.70 pr. lítra, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá eða lækka, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði hækkunin auglýst áður en hún gengur í gildi.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 117 9. apríl 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 161 14. maí 1973 um breyting
á reglugerð nr. 150 21. júní 1972 um orlof.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar falli niður. Í hennar stað komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Fastur starfsmaður telst hver sá samkvæmt reglugerð þessari, sem samkvæmt lögum gildandi kjarasamningi eða venju á rétt á að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. janúar 1974.

Nr. 40.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 2 600.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 800.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 800.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 800.00
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	— 150.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 1 200.00
7. Fyrir fjármark	— 250.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 150.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 1 300.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 500.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 500.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 1 300.00
13. Fyrir dómsbirtingu	— 1 300.00
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 400.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 110.00 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. mars 1974. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 99 8. mars 1973, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

6. janúar 1974.

Nr. 41.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu reiknistofu
Raunvísindastofnunar Háskólans.

Leigugjald fyrir rafreikni reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans greiðist sem hér segir: